

á sjúkdómnum og lýsingu stefnanda á áhrifum sjúkdómsins á vinnugetu hans.

Með vísan til þess, sem að framan er sagt, þykir verða að telja líkamlegt ástand stefnanda sjúkdóm í skilningi laga nr. 16/1959 og 7. gr. kjarasamnings byggingamanna frá 22. júní 1977 og sömuleiðis að sjúkdómurinn hafi verið á því stigi, að eðlilegt hafi verið, að stefnandi leitaði sér lækninga að ráði læknis og þá án þess að missa rétt til launa, á meðan á lækningu stóð.

Í málinu er ekki deilt um fjárhæð kröfu stefnanda, og vaxtakröfu hans hefur ekki verið mótmælt. Niðurstaða dómsins er því sú, að kröfur stefnanda beri að taka til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 180.000.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kristinn Sveinsson, greiði stefnanda, Guðjóni Jóhannssyni, kr. 349.145 með 23,5% ársvöxtum frá 18. nóvember 1978 til 15. janúar 1980 og með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56 30. maí 1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. mars 1983.

Nr. 53/1981.

Björn Pétursson & Co. h/f

(Skúli Pálmason hrl.)

gegn

Hákoni Árnasyni hæstaréttarlögmanni

f. h. Marc Aurel

(sjálfur).

Lausafjárkaup. Vextir af kröfu í erlendri mynt. Verslunartíska. Fjárnámserð staðfest. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 6. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. október s. á. Útivist varð af hans hálfu á dómþingi 2. febrúar 1981, og féll málsóknin þá niður. Hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 20. febrúar 1981, sbr. 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi gerir þessar dómkröfur:

„*Aðallega*: Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði, jafnframt því sem stefndu félagi verði gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Að fellt verði úr gildi fjárnám, sem gert var í húseign áfrýjanda nr. 22 við Austurstræti í Reykjavík hinn 19. júní 1980 skv. fógeta-gerð nr. A-1181/1980.

Til vara er þess krafizt, að áfrýjanda verði einungis gert að greiða stefndu DM 6.579.30 með 2% ársvöxtum frá 8. sept. 1978 til 1. júní 1980, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. apríl 1982, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s. á., en 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þrautavarakrafa: Verði niðurstaða virðulegs Hæstaréttar á þá leið, að staðfesta beri héraðsdóm að því er stefnufjárhæð varðar, er þess krafizt, að vaxtafótur verði færður í það horf sem í varakröfu greinir.

Þá er þess krafizt, að málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti, ef á vara- og/eða þrautavarakröfur reynir.“

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámssgerð verði staðfest að öðru leyti en því, að tildæmdir vextir frá 1. júní 1980 til 21. apríl 1982 ákveðist 6% hærri ársvextir og frá 21. apríl 1982 til greiðsludags 5% hærri ársvextir en vextir af innlendum gjald-eyrisreikningum í vestur-þýskum mörkum, svo sem þeir hafa verið á hverjum tíma. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð í ljósriti umsögn stjórnar Verslunarráðs Íslands um viðskiptavenju, en umsögn þessi var gefin að beiðni áfrýjanda, þar segir:

„Af fjárhagslegum ástæðum hefur sú venja skapazt í samningum erlendra framleiðenda og innlendra seljenda um markaðssetningu á vörum erlendra framleiðenda héraðs, að innlendi seljandinn situr almennt einn að viðskiptum við erlenda aðilann, ef innlenda aðilanum er ætlað að vinna vörunni markað héraðs. Gegnir það

einu, þótt erlendi aðilinn taki þátt í þessum kostnaði að hluta. Hér er almennt átt við, þegar innflytjandi þarf að vinna vöru markað hjá endurseljendum og/eða endanlegum kaupendum og lagt er í kostnað vegna kynningar- og sölustarfsemi, sem beinist að því, að ákveðin vörutegund (merki) sé höfð á boðstólum og keypt frekar en önnur vara svipaðrar tegundar.

Slíkri starfsemi fylgir verulegur kostnaður, sem fæst endurgreiddur á lengri tíma („goddwill“ skapast). Innlendi seljandinn vill því sitja einn að markaðnum, a. m. k. í tiltekinn tíma, þar sem fjárfesting hans í að vinna vörunni markað skilar sér ekki strax, og seldu aðrir söluaðilar vöruna, gætu viðskiptin allt eins runnið til þeirra. Í samningum milli aðila eru því iðulega ákvæði um bætur umbjóðanda til umboðsmanns, falli umboð niður (*Commercial Agency*, - *Guide for the Drawing up of Contracts between Parties Residing in Different Countries*, Commission on International Commercial Practice, bls. 21-23).

Einkaumboð eru algengust í heildverzlun, eðli viðskiptanna samkvæmt. Tíðkast þá hvort tveggja, að umboðsmaðurinn flytur vörur inn fyrir eigin reikning eða viðskiptin eru gerð í nafni annarra fyrir milligöngu umboðsmanns. Í smásöluverzlun tíðkast einkaumboð einnig, þegar stærð markaðarins eða eðli eftirspurnar leyfir einungis einn smásöluaðila. Má hér t. d. nefna tískuvörur frá tilteknum framleiðanda, sem ein smásöluverzlun sérhæfir sig í sölu á og vinnur markað fyrir. Ef fleiri smásöluaðilar geta annazt dreifingu vörunnar og innflutningsaðili annazt kynningar- og söluörvunarstarfsemi fyrir vöruna, er hins vegar venjan, að hann hafi einkarétt til innflutnings á vörunni eða hljóti sérstaka umbun frá erlenda aðilanum fyrir sín störf.

Í nágrannalöndum okkar hafa viðskiptaleg lögmál tilhneingingu til að skapa svipaða venju um einkasölu á tilteknu svæði, þegar fyrirtæki tekur að sér að vinna markað fyrir tiltekna vöru. Í þeim löndum, sem um er spurt, Danmörku og Þýzkalandi, hefur 85. og 86. gr. Rómarsáttmálans þó áhrif til takmörkunar á notkun einkaumboða. Hefur verið dæmt í málum á þessu sviði, og má þar t. d. nefna dóm frá 13. júlí 1966, mál nr. 56-64 og 58-64, milli S. a. Consten, GmbH Grundig Verkauf, ríkisstjórnar Ítalíu, ríkisstjórnar V-Þýzkalands og EBE nefndarinnar, S. A. Leissner og

s.a.r.l. UNEF. Þar sem samkeppnislöggjöf hérlendis er mjög ófullkomin og nánast ekki til, gilda hér aðrar reglur en í EBE löndunum, enda hefur Ísland einungis fríverlzunarsamning við EBE, en er ekki þátttakandi í sameiginlega markaðnum.“

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fyrir Hæstarétti hefur því verið haldið fram af hálfu áfrýjanda, að vegna afhendingardráttar hafi honum verið heimilt að rifta kaupum að því er varðar nánar tiltekinn hluta þeirrar vöru, sem í málinu greinir. Málsástæða þessi var eigi höfð uppi í héraði og kemur því ekki til álita fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973. Fallast ber á það með héraðsdómi, að eigi sé nægilega sannað, að áfrýjanda hafi verið veittur einkasölu réttur hérlendis á umræddri vöru stefnda. Þá er heldur ekki sönnuð vipskiptavenja, er áfrýjandi geti reist slíkan rétt á. Samkvæmt þessu og að öðru leyti af þeim ástæðum, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, var stefnda rétt að halda kaupunum upp á áfrýjanda og krefja hann um greiðslu kaupverðs, sbr. 28. gr. laga nr. 39/1922, en eigi er ágreiningur um, að það hafi numið 9.262.50 vestur-þýskum mörkum. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda fjárhæð þessa með vöxtum, sem ákveðast 19% ársvextir frá 8. september 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 24% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, 7% ársvextir frá þeim degi til 21. apríl 1982, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 5% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi lét undir höfuð leggjast að taka án ástæðulausrar tafar skýra afstöðu til mótmæla áfrýjanda í skeyti hans frá 19. maí 1978, en efni þess er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Með hliðsjón af því og málavöxtum að öðru leyti er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Á hinni áfrýjuðu fjárnámssgerð eru engir annmarkar, og ber að staðfesta hana til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Björn Pétursson & Co. h/f, greiði stefnda, Hákonni Árnasyni hæstaréttarlögmanni f. h. Marc Aurel 9.262.50 vestur-þýsk mörk með 19% ársvöxtum frá 8. septem-

ber 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. apríl 1982, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara

og Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara

Við erum sammála meirihlutaatkvæði dómara að öðru leyti en því, að við teljum, að vextir frá 8. september 1978 til 1. júní 1980 eigi að vera 5% ársvextir.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara

Ég er sammála meirihlutaatkvæði dómara um annað er vexti frá 1. júní 1980. Ég tel, að frá þeim degi eigi að dæma 11% ársvexti til 1. júní 1981, 13% ársvexti frá þeim degi til 21. apríl 1982, 11% ársvexti frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 10% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 29. janúar 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. janúar sl., hefur þýska fyrirtækið Marc Aurel, 4830 Gutersloh 1 í Þýskalandi, höfðað gegn fyrirtækinu Birni Péturssyni & Co. h/f, Laugavegi 66, Reykjavík, með stefnu, birtri 9. janúar 1979.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum DM 9.262.50 með 19% ársvöxtum frá 8. september 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á. og með 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Auk þess verði honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu án árangurs.

Málavextir.

Málavextir eru í aðalatriðum þeir, að á síðari hluta árs 1976 eða í byrjun árs 1977 hófust viðskipti á milli aðilja þessa máls. Hið stefnda fyrirtæki mun annast kaup í heildsölu á fatnaði, einkum tískufatnaði, sem síðan er seldur í verslunum, sem fyrirtækið á eða á eignaraðild að. Þýska fyrirtækið, sem er stefnandi þessa máls, selur tískufatnað. Danskur maður, Gert Brovall að nafni, en hann er umboðsmaður stefnanda á Norðurlöndum, hafði milligöngu um þessi viðskipti og tók við þeim pöntunum, sem gerðar voru. Gert Brovall var einnig umboðsmaður fyrir annað þýskt fyrirtæki, E. Gehring GmbH & Co., og seldi stefnda jafnframt vörur þess. Stefndi hafði pantað og fengið afhentar vörur frá báðum þessum fyrirtækjum, áður en hann pantaði þær vörur, sem um er deilt í þessu máli.

Ágreiningslaust er í málinu, að stefndi pantaði þær vörur, sem hann er krafinn um greiðslu á í málinu, og enn fremur að stefndi (sic) sendi vörurnar hingað til lands. Framkvæmtastjóri stefnda, Guðlaugur Bergmann, og Gert Brovall eru sammála um, að hinar umdeildu vörur hafi allar verið pantaðar í sama skipti, en pöntunin mun hafa verið gerð á fyrri hluta árs 1978. Lagðir hafa verið fram tveir pöntunarseðlar með yfirskriftinni Marc Aurel, dags. 18. apríl 1978. Á þeim er reyndar ekki að finna, eftir því sem best verður séð, alla þá vöru, sem um getur á reikningum þeim, sem stefnandi leggur til grundvallar kröfugerð sinni, og er því á pöntunarseðlunum að auki vara, sem ekki getur um á reikningunum. Ekki er ágreiningur um verð vörunnar, og því eru pöntun, verðmæti og afhending vörunnar út af fyrir sig ekki deiluatríði í málinu.

Reikningar þeir, sem stefnandi krefur stefnda um greiðslu á, eru sjö talsins og allir vegna kaupa á fatnaði.

Reikningarnir eru þessir:

Reikn., dag. 16. mars 1978 að fjárhæð	DM 1.524.00
Reikn., dag. 5. maí 1978 að fjárhæð	DM 2.694.60
Reikn., dag. 9. maí 1978 að fjárhæð	DM 844.50
Reikn., dag. 19. maí 1978 að fjárhæð	DM 138.00
Reikn., dag. 12. maí 1978 að fjárhæð	DM 1.516.20
Reikn., dag. 31. júlí 1978 að fjárhæð	DM 1.963.20
Reikn., dag. 4. ágúst 1978 að fjárhæð	DM 582.00
Samtals	DM 9.262.50

Framkvæmdastjóri hins stefnda fyrirtækis heldur því fram, að Gert Brovall hafi þegar viðskiptin hófust, lofað sér því, að stefndi skyldi hafa einkasöluleyfi á vörum frá stefnanda og fyrirtækinu E. Gehring Gmb. & Co. hér á landi, enda kaupir stefndi aldrei vörur erlendis frá án þess að tryggja sér fyrst einkasöluleyfi á þeim. Gert Brovall kveðst aldrei hafa lofað framkvæmdastjóranum því, að hann skyldi fá einkasöluleyfi á vörum stefnanda, en hins vegar hafi hann lofað einkasöluleyfi á vörum frá E. Gehring Gmb. & Co. Framkvæmdastjóri stefnda kveðst síðar hafa orðið var við, að vörur frá stefnanda hafi verið til sölu í öðrum verslunum og sömuleiðis hafi Brovall efnt til tiskusýningar á þessum vörum með öðrum aðiljum. Þá hafi hann þegar í stað sent stefnanda skeyti, kvartað undan því, að loforðið um einkasöluleyfi hefði verið brotið, og rift kaupunum.

Hinn 19. maí 1978 sendi framkvæmdastjóri stefnda skeyti til stefnandans. Þar kvartar hann undan því, að Gert Brovall hafi ekki staðið við loforð sitt um einkasöluleyfi, en hann hafi selt öðrum fyrirtækjum sams konar vöru og stefndi hafi pantað hjá stefnanda. Þess vegna geti stefndi á þessu stigi málsins ekki tekið við neinum vörum frá stefnanda.

Hinn 10. ágúst 1978 sendi framkvæmdastjórinn enn skeyti til stefndanda. Þar er vitnað í skeytið frá 19. maí og tekið fram, að því hafi ekki verið svarað, en áfram sé haldið að senda vörur. Þá er og tekið fram, að stefndi muni ekki taka við vörum, hvorki gömlum né nýjum, þar sem Gert Brovall hafi ekki staðið við loforð sitt um einkasöluleyfið.

Hinn 28. ágúst 1978 ritar framkvæmdastjórinn stefnanda bréf, getur þar skeyta þeirra, er hann sendi, og tekur fram, að enn komi vörur til landsins. Þetta séu sumarvörur, en hið skamma íslenska sumar sé liðið.

Hinn 31. ágúst 1978 ritar stefnandi stefnda innheimtubréf og krefur hann um greiðslu þeirra reikninga, sem að framan er getið. Í bréfinu er tekið fram, að þessir reikningar hafi ekki verið greiddir þrátt fyrir ítrekuð til-mæli, en ekki er minnst á skeyti eða bréf stefnda.

Í skeyti frá stefnanda, dags. 1. september 1978, er stefndi krafinn um greiðslu sömu reikninga.

Hinn 21. september 1978 ritar Gert Brovall framkvæmdastjóra stefnda bréf, og kemur þar m. a. fram, að Gert Brovall telur sig ekki hafa lofað stefnda einkasöluleyfi á vörum frá stefnanda vegna þess, að í fyrsta lagi hafi þöntun hans verið of lítil til þess að réttlæta einkarétt á sölu, og í öðru lagi hafi hann verið búinn að selja öðrum fyrirtækjum vöru frá stefnanda. Hann hafi gert ítrekaðar tilraunir til þess að ná sambandi við framkvæmdastjóran í tveimur síðustu ferðum sínum til Íslands.

Nánari aðdragandi þessara viðskipta mun hafa verið sá, að Gert Brovall kom í eina af verslunum stefnda, sem ber heitið Garbo. Þar mun hann hafa hitt tvær starfsstúlkur stefnda, verslunarstjóran, Svölu Haukdal

Jónsdóttur, og Erlu Ólafsdóttur, sem er innkaupastjóri hjá stefnda. Framkvæmdastjóri stefnda kveður stúlkurnar hafa tjáð Gert Brovall, að skilyrði fyrir viðskiptum við stefnda væri, að hann fengi að vera einn með vöruna til sölu eða hafa umboð fyrir hana hér á landi. Að þessu hafi hann gengið.

Í framhaldi af þessu sýndi Gert Brovall framkvæmdastjóra stefnda og þeim Erlu og Svölu vörurnar á hóteli, þar sem hann dvaldi. Fötin héngu á einni slá, og voru þau bæði frá stefnanda og fyrirtækinu E. Gehring Gmb. & Co og fleiri fyrirtækjum. Þær Erla og Svala komu á staðinn í því skyni að velja það, sem pantað yrði, tegund og magn, en tóku ekki þátt í samningaviðræðunum, sem fóru fram á milli þeirra Gert Brovall og Guðlaugs Bergmann. Framkvæmdastjóri stefnda kveðst hafa gert Gert Brovall grein fyrir því, að markaður fyrir hátiskuvörur á Íslandi væri mjög þröngur og þyldi ekki, að allar verslanir væru með sömu vöru, og samkeppni væri hörð. Gert Brovall hafi síðan veitt sér einkaleyfi á sölu vöru frá báðum fyrirtækjunum án nokkurra skilyrða. Viðurkenni hann að hafa gefið einkasöluleyfi á vörum frá öðru fyrirtækinu, hafi hann gefið það fyrir bæði, enda hafi við pöntun á vörunni ekki verið gerður greinarmunur á því, hvaða fatnaður var frá hvoru fyrirtækjanna.

Gert Brovall kvaðst ekki hafa getað lofað framkvæmdastjóra stefnda einkasölurétti á vörum frá stefnanda, þar sem hann hefði árið áður selt öðrum fyrirtækjum hérlendis vörur frá fyrirtækinu. Tilgreindi hann þrjár verslanir. Þetta hafi ekki komið beinlínis til tals við framkvæmdastjórnann, heldur hafi aðeins verið talað um einkasölurétt á vörum frá E. Gehring Gmb. & Co., en hann hefði stefndi fengið. Stefndi hefði keypt svo lítið af vörum frá stefnanda í fyrsta skipti, að um einkasölurétt hefði ekki þurft að ræða, en það hefði hugsanlega getað orðið seinna. Framkvæmdastjórinn hefði síðar haft orð á því að fá einkasölurétt, en þar sem vörur frá stefnda hefðu verið seldar öðrum fyrirtækjum hérlendis, hefði það ekki komið til greina. Gert Brovall kvað sér hafa verið kunnugt um, að stefndi keypti vörur erlendis frá einungis á einkasölugrundvelli, þó taldi hann, að einn starfsmaður stefnda hefði sagt sér, að hitt hefði komið fyrir. Stefndi hafi mátt vita, þar sem hann keypti svo lítið af vörum, mundi einkasöluréttur ekki koma til greina. Til þess að veita einkasölurétt þyrfti hann að fá skriflegt leyfi frá viðkomandi fyrirtæki. Hann hefði ekki heimild til að veita það á eigin spýtur. Þetta hefði hann útskýrt. Gert Brovall kvaðst telja ástæðuna fyrir því, að kvörtunum stefnda hefði ekki verið svarað, þá, að stefnandi hefði álitid, að um svo hlægilega lítið magn væri að ræða, að einkasöluleyfi hefði aldrei komið til greina.

Þær Svala Haukdal Jónsdóttir og Erla Ólafsdóttir kváðu Gert Brovall hafa lofað framkvæmdastjóra stefnda því, að hann fengi einkasölurétt á vörum bæði frá stefnda og eins E. Gehring Gmb. & Co., enda væru ekki

vörur keyptar með öðrum hætti erlendis frá af stefnda. Frá þessu hefðu þeir gengið, áður en þær tóku til við að skoða vöruna og gera pantanir. Svalla taldi, að fremur lítið magn hefði verið pantað, og Erla kvað meira magn hafa verið pantað frá E. Gehring Gmb. & Co. en stefnda (sic).

Framkvæmdastjóri stefnda, Guðlaugur Bergmann, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu 12. okt. sl., Gert Brovall 7. nóvember sl. og þær Svalla Haukdal Jónsdóttir og Erla Ólafsdóttir 12. desember sl.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Gert Brovall hafi aldrei veitt stefnda einkasölurétt hérlendis á vörum stefnanda, enda hafi hann enga heimild haft til þess og framkvæmdastjóra stefnda hafi verið það ljóst eða mátt vera. Viðskiptafrelsi stefnanda hér á landi hefði takmarkast mikið, hefði hann veitt einkasölurétt. Því verði að gera strangar kröfur til sönnunar þeirrar fullyrðingar framkvæmdastjóra stefnda, að Gert Brovall hafi veitt einkasölurétt.

Af hálfu stefnda hafi engar sönnur verið færðar á, að hann hafi fengið einkasölurétt. Gert Brovall hafi neitað staðfastlega að hafa lofað honum. Þær starfsstúlkur stefnda, sem hann hafi leitt sem vitni, hafi ekki tekið þátt í samningsgerðinni og af framburði þeirra megi ráða, að þær hafi ekki gert sér ljóst, hvað fram hafi farið á milli Gert Brovall og framkvæmdastjóra stefnda. Framkvæmdastjóranum hafi verið í löfa lagið að áskilja sér einkasölurétt með því að taka það fram í pöntun eða að fá skriflegt leyfi. Framkvæmdastjórinn hafi ekki mátt treysta því, þótt hann fengi einkasölurétt á vörum frá E. Gehring Gmb. & Co., að hann fengi einkasölurétt líka frá stefnda.

Því sé mótmælt, að stefndi hafi nokkra heimild haft til þess að rifta kaupunum. Þegar hann hafi í upphafi sent skeyti til stefnanda, hafi alls ekki legið ljóst fyrir, við hvaða vörur hann hafi átt. Vöurnar hafi verið komnar til landsins og því verið búið að afhenda stefnda þær. Stefnda beri skylda til þess að greiða þær vörur, sem hann hafi fengið afhentar.

Stefndi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi hafi þá ófrávíkjanlegu reglu að kaupa vörur erlendis frá eingöngu á einkasölugrundvelli. Um það hafi Gert Brovall verið kunnugt. Framkvæmdastjóri stefnda hafi litið svo á, að hann væri að semja við Gert Brovall, en ekki stefnanda, og Gert Brovall hafi lofað framkvæmdastjóranum því, að stefndi skyldi fá einkasölurétt á vörum stefnanda hérlendis. Frá einkasöluleyfinu hafi verið gengið, áður en stefndi pantaði nokkra vöru frá stefnanda, enda hafi það verið

forsenda fyrir því, að nokkur viðskipti ættu sér stað. Starfsstúlkur stefnda, sem komið hafi fyrir dóminn, hafi borið, að Gert Brovall hafi lofað framkvæmadstjóra stefnda því, að stefndi skyldi fá einkasölurétt á vörum frá stefnanda hérlendis. Á því verði að byggja, að stefndi hafi fengið þennan einkasölurétt.

Þegar í ljós hafi komið, að stefnandi hafi ekki staðið við það loforð, sem framkvæmadstjóra stefnda hafi verið gefið, hafi stefndi rift kaupnum þegar í stað, enda hafi forsendur fyrir þeim verið brostnar. Stefnandi hafi aldrei svarað riftunarkröfu stefnda og því firrt sig rétti til þess að halda kaupnum upp á stefnda, en stefnda hafi verið brýn þörf á því að fá vitneskju um afstöðu stefnanda til riftunarkröfunnar, þar sem um hafi verið að ræða tiskuvöru, sem hafi þurft að selja á ákveðnum árstíma. Af framgreindum ástæðum eigi að sýkna stefnda.

Forsendur og niðurstaða.

Áður er getið, að ágreiningslaust er á milli aðilja málsins, að stefndi pantaði þá vöru, sem stefnandi krefst, að hann greiði, ekki er deilt um verð hennar né afhendingu út af fyrir sig.

Skilmálar þeir, sem stefndi heldur fram, að hann hafi sett fyrir kaupnum og fengið samþykka, þ. e. a. s. einkasölurétt honum til handa á vörum stefnanda hérlendis, hlutu óhjákvæmilega að hafa í för með sér verulega takmörkun á viðskiptafrelsi stefnanda hér á landi, svo sem bent hefur verið á af hálfu stefnanda. Af þeim sökum svo og samkvæmt almennum reglum um sönnunarbyrði verður að líta svo á, að stefnda beri að leiða í ljós, að af hálfu stefnanda hafi honum verið veittur réttur til einkasölu.

Gegn eindregnum mótmælum umboðsmanns stefnanda, Gert Brovall, verður ekki talið, að stefndi hafi fært nægar sönnur á, að hann hafi fengið einkasölurétt, þrátt fyrir vitnisburði tveggja starfsstúlkna, en fyrir utan tengsl þeirra við stefnda verður að gæta þess, að þær tóku ekki þátt í samningaviðræðunum, heldur voru þær viðstaddar til þess að velja þær vörur, sem panta skyldi. Þá ber og að gæta þess, að ekki verður annað séð en stefndi hefði í upphafi getað tryggt sér örugga staðfestingu á einkasöluréttinum, hafi hann verið veittur.

Samkvæmt framansögðu verður þessi málsástæða stefnda ekki tekin til greina, og getur hann því ekki byggt á, að sér hafi verið heimil riftun kaupanna vegna þess, að forsendur þeirra hafi brostið.

Þótt stefnandi hafi eigi svarað riftunarkröfu stefnda þegar í stað og haldið áfram að senda vörur þær til landsins, sem pantaðar höfðu verið, verður ekki fallist á það með stefnda, að það eitt, eins og kaupin annars fóru fram, leiði til þess, að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til að halda kaupnum upp á stefnda.

Niðurstaða dómsins er því sú, að taka beri kröfur stefnanda til greina. Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 480.000.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Pétur Sigurðsson kaupmaður og Ægir Ólafsson kaupmaður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Björn Pétursson h/f, greiði stefnanda, þýska fyrirtækinu Marc Aurel, DM 9.262.50 með 19% ársvöxtum frá 8. september 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á. og með 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 480.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 19. júní 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 19. júní, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Fosshálsi 27 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-1181/1980: Hákon Árnason hrl. f. h. Marc Aurel gegn Birni Péturssyni h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni nr. 2 dóm sjó- og verslunardóms Reykjavíkur í málinu nr. 5/1979 svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðmundur Jónsson lögfræðingur og krefst fjárnáms fyrir DM. 9.262.50 með 19% ársvöxtum frá 8. sept. 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þ. d. til 1. sept. s. á. og með 24% ársvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, kr. 7.300 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 480.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 16.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér, en fyrir hann mætir Guðlaugur Bergmann, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta gerir fógeti fjárnám í eign/arhlut gerðarþola í Austurstræti 22.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.